

# SAMÞYKKT

## um Lánatryggingasjóð kvenna.

### 1. gr.

#### *Heiti sjóðsins*

Heiti sjóðsins er Lánatryggingasjóður kvenna og er aðsetur hans hjá forsætisráðuneytinu, Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg, 101 Reykjavík.

Í kynningar- og markaðsefni fyrir sjóðinn er heimilt að nota heitið Svanni-lánatryggingasjóður kvenna.

### 2. gr.

#### *Hlutverk og áherslur*

Hlutverk Lánatryggingasjóðs kvenna er að styðja konur til nýsköpunar og þátttöku í atvinnulífínu með því að veita ábyrgðir á lánum samkvæmt samþykktum og lánareglum sjóðsins. Skilyrði fyrir ábyrgðarveitingum er að fyrirtæki eða verkefni sé a.m.k. 50% í eigu og undir stjórn konu eða kvenna og að verkefni leiði til atvinnusköpunar.

Áherslur sjóðsins eru eftirfarandi:

- Að styðja við bakið á konum sem eiga og reka smærri fyrirtæki.
- Að stuðla að því að auka hlut kvenna sem eigendur og stjórnendur fyrirtækja.
- Að auka aðgengi kvenna að fjármagni til fyrirtækjareksturs.
- Að fjölga störfum og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi.
- Að veita ráðgjöf til umsækjenda um ábyrgð sjóðsins á láni.
- Að hvetja jaðarhópa kvenna til þátttöku í atvinnulífínu, svo sem innflytjendur.

### 3. gr.

#### *Stofnendur og stofnfé*

Félagsmálaráðuneytið, iðnaðarráðuneyti og Reykjavíkurborg stofnuðu Lánatryggingasjóð kvenna.

Stofnfé sjóðsins var samtals 10 milljónir króna miðað við verðlag neysluvísitölu á stofndegri þann 7. apríl 1997 samkvæmt eftirfarandi skiptingu: félagsmálaráðuneyti fimm milljónir króna; iðnaðarráðuneyti tvær milljónir króna og Reykjavíkurborg þrjár milljónir króna.

Stofnaðilar samkvæmt samþykktum þessum teljast forsætisráðuneytið, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Reykjavíkurborg.

### 4. gr.

#### *Stjórn*

Stjórn Lánatryggingasjóðs kvenna er í höndum þriggja manna stjórnar sem forsætisráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Forsætisráðherra skipar stjórnarformann og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og Reykjavíkurborg tilnefna einn fulltrúa hvort.

Stjórn sjóðsins skal vera sjálfstæð í störfum sínum.

### 5. gr.

#### *Hlutverk stjórnar*

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Stjórn sjóðsins skal móta lánareglur sjóðsins og leggja undir samþykki stofnaðila. Stjórn sjóðsins skal útbúa matsblöð sem nota skal við mat á umsóknum.

Stjórnin ákveður sérstakar áherslur til ábyrgðarveitinga árlega en almenn áhersla skal lögð á aukna atvinnusköpun.

Stjórn sjóðsins gerir samkomulag við fjármálastofnanir um ábyrgðarveitingar. Í því skal meðal annars kveðið á um tegundir lána, lengd lána, vaxtakjör, lántökugjald og önnur gjöld og hlutdeildarskiptingu sjóðs

